



Spillemynd / Selfportret, 1950-1951

Listamaður verður til
Making of an Artist

Guðmundur Guðmundsson - FERRÓ

Barnæska og námsár 1932 til 1957

Childhood and studying years 1932 to 1957



Árið 1989 gaf listamaðurinn Erró (þar áður Ferró) eða Guðmundur Guðmundsson Reykjavíkurborg stórt safn verka eftir sjálfan sig, bæði málverk og teikningar, klippimyndir og grafík frá ferli sínum. Síðan hefur Erró af örlæti bætt við gjöfina þannig að Listasafn Reykjavíkur varðveitt nú heildstætt safn verka hans. Einnig hefur verið bætt í safnið með innkaupum. Á síðustu árum hafa margir þættir þessa safns verið kannaðir í sýningum safnsins, sem dæmi má nefna sýningarnar Listasagan árið 2003 og Víðáttur árið 2004. Nú er sjónarhorninu beint að æskuverkum listamannsins – allt frá barnæsku þar til hann lýkur námi og heldur sína fyrstu einkasýningu hér á landi í Listamannskálanum árið 1957.

Á Íslandi hefur lengst af verið horft á listmenn með augum Rómantikurinnar og talið að þeir hafi fengið einstaka náðargáfu í vögguggjöf og því sé listsköpun þeirra sjálfsprottin.

Meðal þess sem er að finna í gjöf listamannsins er mikið magn mynda frá bernskuárum Errós sem hann og fjölskylda hans hafa varðveitt. Enginn vafi leikur á því að hæfileikar Guðmundar til myndsköpunar voru fyrir hendi mjög snemma á ævinni en það er iðnin og ástundunin í gegnum öll árin sem vekur mesta athygli. Frá fyrstu tíð virðist sem hann þaulkanni hvert viðgangsefni og geri margar myndir af því sama í ýmsum miðlum. Heimildir greina frá því að Guðmundur litli hafi alla tíð sagst ætla að verða listamaður þegar hann yrði stór og staðfesta hans að vinna að því markmiði kemur vel í ljós þegar æskuverk hans, sem flest hafa verið varðveitt af vinum og ætlingjum, eru skoðuð. Sama má segja um öll skólaár Guðmundar í Reykjavík, Osló,

Flórens og Ravenna. Hann gerði óhemju mikið magn af myndum, vann sjálfstætt heima og gjörkannaði þau viðfangsefni sem vöktu áhuga hverju sinni.

Það er von þeirra sem að sýningunni standa að hún gefi góða innsýn í þroskaferil ungs listamanns þar sem staðfesta, iðni og ástundum ásamt miklum listrænum metnaði og ástríðu varða fyrstu spörin á listamannsbrautinni sem enn er ekki séð fyrir endann á.

Þorbjörg Br. Gunnarsóttir,
sýningarstjóri

In 1989, the artist Erró (previously Ferró), or Guðmundur Guðmundsson, gave the City of Reykjavík a large collection of his works. The collection incorporated paintings, drawings, collages and prints, and spanned his entire career. Since then, Erró has generously added to the gift and the Reykjavík Art Museum has also expanded the now comprehensive collection through acquisitions. In the last few years, various facets of the collection have been highlighted through special exhibitions at the Museum, such as the exhibitions Art Historyin 2003 and Scapesin 2004. The focus is now on the artists' early works – beginning in early childhood and ending when he completed his studies and held his first exhibition in Iceland, in 1957.

The Icelandic public tends to somewhat romantically view artists as being specially endowed with a unique talent or gift. Consequently their artistic output has been more or less considered part of an

involuntary reflex.

Included in Erró's gift to the Museum is a great collection of pictures from his childhood years, that he and his family have preserved. There is no question that Guðmundur's aptitude for painting became evident early in his life; however it is his diligence and discipline throughout the years that is particularly noteworthy. From the outset he appears to have examined each subject matter very thoroughly, and created many pictures of the same subject in different formats. Sources reveal that the young Guðmundur always maintained that he was going to be an artist when he grew up. His determination in reaching that goal is obvious when his early works, most of which

have been saved by his friends and relatives, are examined. The same can be said for all of his school years in Reykjavík, Oslo, Florence and Ravenna. He was an extremely prolific painter, worked independently from home, and studied the subjects that caught his interest at any given time in minute detail.

The organisers hope that this exhibition will shed light on the makings of a young artist, in which dedication, diligence and application, along with vast artistic ambition and passion, pave the way for the artistic journey that is still very much ongoing.

Þorbjörg Br. Gunnarsóttir
Curator



Erró: Margs konar veruleiki

1946-1957

Um yfirgripsmikinn og margbrotinn feril Errós hefur verið fjallað með ýmsu móti á undanföllum áratugum, ekki síst í þematískum sýningum hér í Listasafni Reykjavíkur. Þetta er hins vegar í fyrsta sinn sem tilraun er gerð til að grennslast fyrir um rætur myndlistar Errós frá því hann hóf fyrst að setja saman myndir tíu ára gamall og þar til hann sýndi afrakstur námsáranna í fyrsta sinn á Íslandi árið 1957.

Hvernig varð óbreyttur sveitapiltur frá Kirkjubæjarklaustri að þessum heimsmanni, hamhleypu og fróðleikssafnara sem við höfum kynnst í gegnum ótal sýningar hans, bækur, fimarít og viðtöl? Og hvernig stóð á því að myndlist hans þróaðist með þeim hætti sem hún gerði, með viðkomu í veruleika hlutanna, heimsmálanna og fjólmíðlunar fremur en í upphöfum veruleika hreinna forma og líta, sem æði margir samfímmenn hans, íslenskir og erlendir, voru áskrifendur að?

Við þessum spurningum eru ekki til einhlit og afgerandi svör. Nokkrar staðreyndir um uppruna Errós og uppvöxt er þó rétt að hafa í huga áður en gripid er til annarra skýringa. Í fyrsta lagi var hann uppfóstraður í íslenski sveitmenningu og aðnjótandi þess besta sem hún hafði að bjóða.

Á fyrri hluta 20stu aldar var samfélagið sem þreifst á suðausturhorni landsins, segjum frá Eyjafjöllum og austur að Lóni, ríkt af sjálfmenntuðum fræðimönnum, allrahanda söfnurum og grúskurum og íðilsnjöllum handverks- og uppfinningarmönnum. Meðal þekktra fulltrúa þeirra eru t.a.m. Kvískerjabræður, Þórbergur Þórðarson, Þórður Tómasson á Skógum og snillingarnir sem smíðuðu vatnstúrbinur og verkfæri úr sjóreknum málum.

Alþýða manna á þessum slóðum taldi sig heldur ekki búa við einangrun, hvorki frá landsmálum né heimsviðburðum. Úlvarpstæki voru komin á

hvern bæ stuttu eftir stofnun Ríkisútvarpsins árið 1930 og fylgdust menn andaktugir með fréttum kválds og morgna og ræddu heimsviðburði sem ættu þeir sér stað í næsta byggdarlagi. Fyrir þann tíma og langt fram eftir öldinni voru gildir bændur og embættismenn einnig áskrifendur að helstu blöðum og fimarítum sem gefin voru út á landinu. Á Kirkjubæjarklaustri var slíku efni haldið til hoga og öllum aðgengilegt.

Þá er ónefti ýmislegt prentað mál, myndablöð og fleira, sem barst með varningi – Illustrated London News með steinprentmyndum sínum þótti þénugur umbúðapappír – og skipbrotsmönnum af ýmsu þjóðerni og breskum hermönnum. Einhverjir skipbrotsmannanna voru franskir; með þeim barst „franskt brauð“, konjak og stundum rauðvín; freistandi er að álykta að þarna sé að finna hinn eiginlega grunn að franskvæðingu Errós.

Rétt eins og öðrum sveitapiltum var hinum upprennandi listamanni einnig innrætt vinnusemi. Piltur sem var vanur að vaka langar nætur við sauðburðinn eða draga net sneisafull af sjöbirtingu upp eftir Skaftá, með vatnsbeljandann upp í handakrika, átti tæplega í erfiðleikum með að standa sólarhringum saman við málaratrönumnar þegar í Handíða- og myndlistaskólann var komið.

Í skólanum stuðlaði ýmislegt að því að beina sjónum Errós að hlutlægu myndefni. Í ljósi þess sem hér hefur verið fundað um æsku hans að Klaustri er nærtækt að álykta að hann, eins og raunar nokkrir samfímmenn hans utan af landi, hafi af hagsýnis- og raunsæisástæðum ekki getað fellt sig við myndlist sem virtist standa utan við blákaldann veruleikann, og þá á ég við strangflatalist Septembermanna. Í þessum hópi voru m.a. Hringur Jóhannesson og Jóhannes Geir. Tölfræðin virðist staðfesta að flestir talsmenn óhlutbundinnar myndlistar á árunum eftir stríð séu fæddir og/eða uppaldir í Reykjavík eða sjávarþorpum fremur upp til sveita. Hér skiptir einnig máli að helsti kennari Errós við Handíða- og myndlistaskólann var Valgerður



Briem. Í stað þess að kynna nemendum forsendur franskra afstraklistar, eins og samkennarar hennar, Þorvaldur Skúlason og Valtýr Pétursson gerðu, lagði Valgerður alla áherslu á grandskoðun á veruleika hlutanna. Í sjálfsævisögu sinni segir Erró hreint út að kennsla hennar hafi veitt honum svo „mikla fullnægju að ég fann ekki fyrir neinum þrýstingi frá þeim sem aðhylltust afstraktilist.“

Segja má að Guðmundur Einarsson frá Miðdal, faðir Errós, hafi rekið smiðshöggjöld á „veruleikavæðingu“ hins unga listamanns. Guðmundur hafði lengi átt í útistöðum við „framsækna“ starfsbræður sína og eins og fram kemur í áður nefndri sjálfsævisögu óttaðist hann mest af öllu að sonurinn færi að mála afstrakmyndir. Því bauðst Guðmundur til að styrkja hann til náms í Osló, þar sem hann vissi að hvergi var minnst á óhlutbundna myndlist í listaskólum. Þar var Erró í góðu yfirlæti í tvo vetur, 1952-54 og fullnumaði sig í margskonar myndlistartækni.

Loks er það í Flórens, 1955-58, sem hlutlægur frásagnarsíll nemandans Errós breytist smám saman í stórbrotna, tjáningarríka og pólitísk

meðvitaða myndlist. Þá þróun hafði faðir hans eflaust ekki séð fyrir. Erró hafði lengi fylgst með heimsviðburðum; meðal fyrstu mynda hans sem varðveist hafa eru ádeilur á stríð (1946) og ómennska vélmenningu (1950). Í Flórens var Ferró samvistum við listamenn sem höfðu áhyggjur af atómbombunni og Kóreastríðinu – þar ber helst að nefna Jean-Jacques Lebel – og er þetta andrúmsloft kveikja að feiknarlegum og grimnum heimsádeilumyndum hans.

Af ítalskum mósaiklistamönnum og endurreisnarmálurum á borð við Uccello, Piero della Francesca og Tura, lærði Erró að byggja upp stóra fleti, en sjálfst myndmálið, stílfærðar figúru og hestar, er í anda þess sem ítalskir myndlistarmenn, t.d. Sironi, Birolli, Marino Marini voru að gera á þessu tímabili, auk þess sem áhrifa mexíkanska listmálarans Tamayo gætur í nokkrum myndum Errós frá 1956-7. Ekki má heldur gleyma löngum stundum listamannsins í herklæða- og líffærasófnunum í Flórens.

Á þessum grunni, að viðbættum súrrealisma eftirstríðsáranna, reisir Erró síðan myndlist sína eftir að hann flyst til Parísar árið 1958.

Aðalsteinn Ingólfsson

Erró: The Making of an Artist 1946-1957

Erró's expansive and multi-faceted career has received extensive exposure over the past few decades, not least through theme-based exhibitions here at the Reykjavík Art Museum. Yet this is the first time an effort is made to examine the foundations of Erró's art, from the time he first started painting at the age of ten or so, until he exhibited the results of his art school years for the first time in Iceland, in 1957.

How did a country boy from Kirkjubæjarklaustur turn into the cosmopolitan artist, passionate and hungry for knowledge, that we have come to know through myriad exhibitions, books, magazines and interviews? And why did his art turn out the way that it did, taking its cue from the temporal world of current affairs and media, rather than from the exalted realm of clean forms and colours that so many of his contemporaries, Icelandic and foreign, subscribed to?

There are no clear-cut answers to such questions. Yet one should keep in mind a few facts about

Erró's childhood and upbringing before seeking other explanations.

Erró was raised in the Icelandic countryside and can be said to have enjoyed the very best it had to offer. In the early 20th century, the population in the southeast corner of Iceland was rife with self-educated scholars, obsessive collectors, homespun philosophers and talented inventors and craftsmen. Among those were the Kvískerjar-brothers, Þórbergur Þórðarsson, Þórður Tómasson at Skógar, and various prodigies who constructed elaborate water turbines and working tools out of drift metal.

The people in the area did not feel isolated from domestic affairs or international events. Soon after the Icelandic National Broadcasting Service was set up in 1930, there was a radio on virtually every farm. People listened breathlessly to the news morning and night, and discussed world affairs as though they were taking place in the next parish. Prior to that time and well into the last century, farmers and public officials alike subscribed to all the major newspapers and magazines published in the country. This material was certainly available to all and sundry in centres like Kirkjubæjarklaustur.



There was also various printed matter, such as the illustrated periodicals that arrived with imported goods. Illustrated London News, with its lithographic illustrations, was considered a useful wrapping paper, for instance. The dissemination of information was stimulated by the presence of the British soldiers that camped out in the South-East during the war, along with some of the casualties of that war, shipwrecked fishermen of various nationalities. Some of those fishermen were French; they brought with them rock-hard French bread, cognac and sometimes red wine. It is tempting to see in those early encounters the seeds of Erró's later and long-standing affiliation with France.

As was the norm with country boys, the future artist was accustomed to hard labour. A boy who was used to staying awake for long nights during lambing season, or dragging nets filled with sea trout up the Skaftá river with the water raging up to his armpits, surely had no difficulty standing for days on end in front of a painters' easel when he entered the Icelandic School of Arts and Crafts.

At the school Erró soon gravitated towards figurative subject matter. In view of the above description of his youth in Kirkjubæjarklaustur, it seems likely that he, like other country boys of his generation (f.i. Hringur Jóhannesson and Jóhannes Geir, to name only two) was for pragmatic reasons unable or unwilling to come to terms with art so far removed from objective reality as were the geometric abstractions of the so-called September group. Indeed, statistics seem to confirm that most Icelandic followers of abstract art in the post-war years were born and/or raised in urban or semi-urban areas such as Reykjavík and the fishing villages rather than the countryside.

In this context it is also significant that Erró's main instructor at the Icelandic School of Arts and Crafts was Valgerður Briem. Rather than introducing students to the basics of French abstract art like her colleagues, painters Þorvaldur Skúlason and Valtýr Pétursson, Valgerður directed her students towards a close examination of reality. In his autobiography, Erró clearly states that her teaching provided him with "such satisfaction that I experienced no pressure from those partial to abstract art."

But perhaps it was Erró's father, painter and ceramic artist Guðmundur Einarsson from Miðdalur, who put the final touch on the budding artist's affiliation with realism. For a long time, Guðmundur had been in conflict with his more 'progressive' colleagues, and the aforementioned autobiography makes clear that his greatest fear was that his son would become embroiled in abstract art. Consequently Guðmundur offered to support his son's studying in Oslo, as he knew that Norwegian art schools were not in the business of teaching abstraction. Erró was content to remain in Oslo for a period of two years, from 1952 to 1954, becoming proficient in many different artistic techniques.

It was finally in Florence in 1955-58 that Erró's figurative style of expression gradually developed into expansive, expressive and politically-conscious works of art – a development which his conservative father could probably not have foreseen. Even from an early age Erró was acutely aware of world events; we find an anti-war picture (1946) among his earliest works, as well as a picture dealing with the inhumanity of the modern world of machines (1950). In Florence, Erró mingled with artists critical of the atomic bomb and the Korean War – particularly Jean-Jacques Lebel – and the prevailing cold-war mood contributed to his intense and aggressive paintings on the human condition.

From Italian mosaic and Renaissance artists such as Uccello, Piero della Francesca and Tura, Erró learned to compose works on a monumental scale. However the imagery itself, chiefly stylised figures and horses, is not far removed from subject matter used by contemporary Italian artists such as Sironi, Biondi and Marino Marini. The influence of Mexican artist Tamayo is also evident in some of Erró's paintings from 1956-7. The hours spent in the armour and anatomical museums in Florence also bore fruit in many of Erró's Italian paintings of the time.

This artistic legacy, along with the Surrealism that he later encountered in Paris, is the foundation of the art that Erró created for himself at the end of the 1950s and the beginning of the 1960s.

Aðalsteinn Ingólfsson



Opnunartími í Hafnarhúsi og á
Kjarvalsstöðum alla daga 10-17.

Opnunartími í Ásmundarsafni
maí-september 10-16 og október-
apríl 13-16.

Aðgöngumiðinn gildir samdægurs
í öll húsin. Alla sunnudaga kl. 15
er ókeypis leiðsögn í Hafnarhúsinu.

Hafnarhus and Kjarvalsstaðir are
open every day from 10 am-5 pm.
Asmundur Sveinsson Sculpture
Museum - Asmundarsafn is open
May-Sept. 10 am-4 pm and
October-April 1 pm-4 pm.

The entrance ticket is valid the same
day for all three museums. Guided
tours are available upon request.

Guðmundur Guðmundsson var fæddur í Ólafsvík 1932

Hann tók sér listmannsnafnið Ferró 1955 og árið 1968 nafnið Erró. Hann hefur búið í París frá 1958. Erró hefur haldið fjöldann
allan af einkasýningum og tekið þátt í önn fleiri samsýningum víða um heim og er enn mikalvirkur í sýningahaldi. Árið 1999
var haldin stór yfirlitssýning Erró myndir af öldinni í Galerie Nationale du Jeu de Paume í París. Á næsta ári verða m.a.
opnaðar einkasýningar á verkum Errós í Valencia, Madrid og Kaupmannahöfn.

Guðmundur Guðmundsson was born in Ólafsvík, west Iceland, in 1932.

He assumed the name Ferró in 1955 but changed it to Erró in 1968. He has lived in Paris since 1958. His work has been
shown in a vast number of solo exhibitions throughout the world and in an even greater number of joint exhibitions. He is
still actively exhibiting. In 1999 a large retrospective exhibition, Erró images du Siecle was held at the Galerie Nationale du
Jeu de Paume in Paris, and in 2004 there was a major exhibition of his work at the Gray Gallery in New York. Next year,
solo exhibitions of Erró's work will open in Valencia, Madrid and Copenhagen.



Listasafn Reykjavíkur / The Reykjavik Art Museum - Hafnarhus, Tryggvagata 17, 101 Reykjavík
www listasafnreykjavikur.is - listasafn@reykjavikur.is - sími (+354) 590 1200 - fax (+354) 590 1201

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM